

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef landshöfðingja til ritstjóra síra Matthíasar Jochumssonar um styrk til* **1**
að prenta skáldskaparrit. — Út af beiðni yðar um styrk úr landssjóði til **13. jan.**
að gefa út á prent þýðingu eptir yður á sorgarleik Shakespeares, «Hamlet», eru yður hjer
með veittar 200 kr. af tje því, sem í 15. gr. fjárhagslaganna er ætlað vísindalegum og
verklegum fyrirtækjum, og verður yður ávísad fjárstyrk þessum úr jarðabókarsjóðnum, þeg-
ar búið er að prenta umgetna þýðingu.

— *Brjef landshöfðingja til landfógeta um embættisjörð læknis.* — Með því að **2**
embættisábyli læknisins í hinu fyrverandi eystra læknisdæmi suðuramtsins, jörðin Þjóðólfs- **13. jan.**
hagi í Holtamannahreppi innan Rangárvallasýslu, samkvæmt lögum um aðra skipun á
læknahjenuðum á Íslandi frá 15. okt. 1875 3. gr., lagðist til landssjóðsins 1. okt. f. á.,
hefi jeg í dag falið umboð jarðar þessarar fyrst um sinn sýslumanninum í Rangárvalla-
sýslu, sem á að gjöra árlegan reikning fyrir afgjaldinu af henni, í fyrsta sinn fyrir árið
1877, og borga það inn í jarðabókarsjóð, að frá dregnum sjöttungi í umboðslaun.

Þetta er herra landfógetanum tjáð til þókanlegrar leiðbeiningar.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um yfirsjónir skólapilta* **3**
við próf. — Út af því að svo hafði til borið við burtfararprófið í hinum lærða skóla **16. jan.**
í júnímánuði í fyrra, að stöku skólapiltar höfðu notað hjálp annara til að leysa af hendi
hin skriflegu verkefni, hefir yfirstjórn skólans í brjefi 21. júlí f. á. brýnt fyrir rektor
og hinum kennurunum, að hafa strangt eptirlit með piltunum við hið skriflega próf, og
í annan stað skipað fyrir sem hjer segir:

«En ef það verður uppvíst, að einhver piltur nýtur aðstoðar hjá öðrum við úrlausn
einhvers verkefnis, þá á hann, og eins sá, sem aðstoðina veitir, ef hann er skólapiltur,
að vera rækur frá prófinu og úr skólanum, ef hlutadeigandi hefir framið yfirsjónina í
fyrrri eða síðari hluta burtfararprófsins», en ef það er í miðsvetrarprófi eða vorprófi, sem
ekki er burtfararpróf, þá á það að varða því, að pilturinn missi þann ölmusustyrk, sem
hann kann að hafa; og, ef svo stendur á, sje settur aptur í bekknum».

Eptir að rektor hefir lagt þessa ákvörðun, sem honum virðist of hörð refsing fyrir
umgetið brot, undir úrskurð minn, og eptir að jeg hefi meðtekið ummæli stiptyfirvald-
anna um þetta í brjefi dags. 4. þ. m., staðfestist hjer með úrskurður stiptyfirvaldanna,
þó með þessum tilhliðrunum:

1. Þótt burtrekstur frá prófinu (fyrra eða síðara hluta burtfararprófs) eigi að vera
almenn refsing fyrir brot það, er hjer ræðir um, geta yfirstjórnendur skólans jafnframt
ákveðið útrekstur úr skóla, þegar þess þykir þörf eptir atvikum, en rektor á í hvert eitt
skipti, sem slíkt brot er framið, að senda þeim tillögur sínar um það.

2. Þegar brotið er í því fölgíð, að óleyfileg hjálp er í tje látn, getur yfirstjórn
skólans leyft það sem undantekning, þegar hlutadeigandi skólapiltur sökum sjerlegrar iðni

Hinn 14. marz 1877.

3 og góðs siðferðis fær til þess meðmæli rektors og allra kennaranna, að hann megi ganga undir próf í byrjun næsta skóla-árs.

3. Enginn skólapiltur, sem orðið hefir fyrir refsing fyrir brot það, er hjer ræðir um, getur búizt við að fá neinn ölmusustyrk í skólanum upp frá því.

Jafnframt því að tjá stiptysfirvöldunum þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, skal jeg út af ummælum rektors um, að hann vilji ógjarna framfylgja þeim ákvæðum yfirstjórnarinnar, sem hjer ræðir um, fyrr en landshöfðinginn hafi samþykkt og staðfest þau, og samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna, biðja rektor gefið til vitundar, að það sje sjálfsgöð skylda hans, að hlýðnast þeim reglum viðvíkjandi embættisrekstri hans, sem honum eru settar af næstu yfirboðurum hans, stiptysfirvöldunum, meðan þær eru ekki felldar úr gildi af æðra úrskurðarvaldi.

4 — Ágrip af brjefi landshöfðingja til biskups um útbýtingu á styrktarfje handa uppgjafaprestum og prests-ekkjum. — Með þessu brjefi skipti landshöfðingi samkvæmt tillögum biskups styrktarfje því, er veitt hefir verið fyrir árið 1877 með 13. gr. A. b. 3. í fjárlögunum, sem hjer segir:

A. Uppgjafaprestum:

1. Sira Guðmundi Torfasyni frá Torfastöðum í Biskupstungum 100 kr.
2. — Þorleifi Jónssyni frá Hvammi í Hvammssveit . . . 40 —

B. Prestsekkjum:

1. Kristínu Gunnarsdóttur frá Desjarmýri . . . 62 —
2. Sigríði Jónsdóttur frá Skinnastöðum . . . 60 —
3. Guðlangu Guttermisdóttur frá Skeggjastöðum . . . 30 —
4. Björgu Magnúsdóttur frá Dvergasteini . . . 30 —
5. Helgu Guðmundsdóttur frá Eyðölum . . . 20 —
6. Þorbjörgu Jónsdóttur frá Kolfreyjustað . . . 52 —
7. Margrjetu Magnúsdóttur frá Skorrastað . . . 68 —
8. Sigríði Benidiktsdóttur frá Einholti . . . 52 —
- 9. Oddnýu Friðriku Pálsdóttur frá Kálfafellsstað . . . 20 —
10. Guðrúnu Ingvarsdóttur frá Eyvindarhólum . . . 44 —
11. Guðnýju Jónsdóttur frá Kálfholti . . . 60 —
12. Guðrúnu Þorvaldsdóttur frá Reynivöllum . . . 38 —
13. Elínu Ögmundsdóttur frá Vögsósum . . . 80 —
14. Steinunni Bjarnadóttur frá Klausturhólum . . . 20 —
15. Ingibjörgu, ekkju sira Gísla Thorarensens á Stokkseyri . . 28 —
16. Guðrúnu Jónsdóttur frá Mosfelli . . . 40 —
17. Kristínu Eiríksdóttur frá Efriholta-þingum . . . 40 —
18. Kristínu Jónsdóttur frá Þykkvabæjarklaustri . . . 82 —
19. Margrjetu Narfadóttur frá Glæsibæ . . . 85 —
20. Þórunni Ásgrímsdóttur frá Helgafelli . . . 32 —
21. Helgu Pálsdóttur frá Reynivöllum . . . 63 —
22. Solveigu Markúsdóttur frá Stokkseyri . . . 28 —
23. Helgu Magnúsdóttur frá Glæsibæ . . . 40 —
- 24. Guðrúnu Pjetursdóttur frá Arnarbæli . . . 20 —